

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 103/2009 um þrávirk lífræn efni.

1. gr.

Við 1. gr. bætist nýr staflíður, e-liður, sem orðast svo:

- e) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 304/2009 frá 14. apríl 2009 um breytingu á IV. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 að því er varðar meðhöndlun úrgangs sem inniheldur þrávirk, lífræn mengunarefni, í varmaferlum og málmframleiðsluferlum, sem vísað er til í tölulið 12w, XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/2010, þann 12. júní 2010. Reglugerðin er birt í fylgiskjali 2 með reglugerð þessari.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 20. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 4. gr. laga nr. 45/2008 um efni og efnablöndur.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 15. október 2010.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Steinunn Fjóra Sigurðardóttir.

Fylgiskjal 2.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 304/2009**

frá 14. apríl 2009

um breytingu á IV. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 að því er varðar meðhöndlun úrgangs, sem inniheldur þrávirk, lífræn mengunarefni, í varmaferlum og málmframleiðsluferlum

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 frá 29. apríl 2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni og um breytingu á tilskipun 79/117/EBE⁽¹⁾, einkum 6. mgr. 7. gr. og 3. mgr. 14. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Á áttunda fundi á ráðstefnu aðila að Basel-samningnum var samþykkt uppfærsla á teknilegum leiðbeiningum um umhverfisvæna meðhöndlun á úrgangi, sem er úr þrávirkum, lífrænum mengunarefnum, inniheldur þau eða er mengaður af þeim (ákvörðun VIII/16). Undirþættinum um varma- og málmfræðilega framleiðslu málma var bætt við í þátt IV.G.2 sem fjallar um eyðingu og varanlega ummyndun.
- 2) Uppfærslan á leiðbeiningunum skal endurspeglast í reglugerð (EB) nr. 850/2004 því þær eru mikilvæg uppspretta fyrir vísinda- og tækniframfarir við meðhöndlun úrgangs sem inniheldur þrávirk, lífræn mengunarefni.
- 3) Í uppfærðu leiðbeiningunum er einnig skilgreint hversu mikil eyðing og varanleg ummyndun er nauðsynleg til að tryggja að eiginleikar þrávirkra, lífrænna mengunarefna komi ekki fram. Aðferðir skulu m.a. ekki valda mengun sem fer yfir mörkin fyrir losun í andrúmsloft sem eru 0,1 ng TEQ/Nm³ fyrir fjöklóruð díbensódíoxín og fjöklóruð díbensófurón. Þetta gildi er það sama og viðmiðunarmörkin fyrir losun í andrúmsloft sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/76/EB frá 4. desember 2004 um brennslu úrgangs (2). Þar eð nauðsynlegt er að gera þá kröfu að starfsstöðvar, sem meðhöndla úrgang sem inniheldur þrávirk, lífræn mengunarefni, uppfylli viðmiðunarmörk fyrir losun fjöklóraðra díbensódíoxína og fjöklóraðra díbensófurána, sem mælt er fyrir um í tilskipun 2000/76/EB, skulu þessi viðmiðunarmörk gilda, hvort sem viðkomandi ferli falla undir þá tilskipun eða ekki.

- 4) Í þætti IV.G1. í uppfærðu, almennu, tæknilegu leiðbeiningunum um þrávirk, lífræn mengunarefni er einnig mælt með því að skilja frá þann hluta úrgangsbúnaðarins sem inniheldur þrávirk, lífræn mengunarefni eða er mengaður af þeim. Þessi krafa er skýringin á þeirri formeðhöndlun sem um getur í I. hluta V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 850/2004. Því ber að breyta I. hluta V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 850/2004 til samræmis við það.
- 5) Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin uppfærði eiturjafngildisstuðlana, sem notaðir eru í IV. og V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 850/2004 til að reikna út styrkleikamörk fyrir fjöklóruð díbensódíoxín og fjöklóruð díbensófurón, árið 2005 á grundvelli nýjustu, vísindalegu upplýsinga. Þetta skal koma fram í IV. og V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 850/2004.
- 6) Rádstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru best til þess fallnar að tryggja öfluga heilsu- og umhverfisvernd.
- 7) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 850/2004 til samræmis við það.
- 8) Nefndin, sem var komið á fót með 18. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/12/EB (3), skilaði ekki álit um rádstafanirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð innan þeirra tímamarka sem formaður hennar mælti fyrir um og þar af leiðandi lagði framkvæmdastjórnin tillögu fyrir ráðið í tengslum við rádstafanirnar. Þar eð ráðið hafði, þegar fresturinn, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 850/2004, rann út, hvorki samþykkt fyrirhugaðar rádstafanir né andmælt þeim skal framkvæmdastjórnin samþykkja rádstafanirnar samkvæmt þriðju undirgrein 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar ráðsins 1999/468/EB (4).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Ákvæðum IV. og V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 850/2004 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

⁽¹⁾ Stjótið ESB L 158, 30.4.2004, bls. 7; leiðrétt í Stjótið. ESB L 229, 29.6.2004, bls. 5.

⁽²⁾ Stjótið. EB L 332, 28.12.2000, bls. 91.

⁽³⁾ Stjótið. ESB L 114, 27.4.2006, bls. 9.

⁽⁴⁾ Stjótið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. apríl 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stavros DIMAS

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Ákvæðum IV. og V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 850/2004 er breytt sem hér segir:

1. Ákvæðum IV. viðauka er breytt sem hér segir:

Í stað neðanmálgreinar (**) komi eftirfarandi:

„(**) Mörkin eru reiknuð sem PCDD- og PCDF-efni samkvæmt eftirfarandi eiturjafngildisstuðlum (TEF):

PCDD	Eiturjafngildisstuðlar (TEF)
2,3,7,8-TeCDD	1
1,2,3,7,8-PeCDD	1
1,2,3,4,7,8-HxCDD	0,1
1,2,3,6,7,8-HxCDD	0,1
1,2,3,7,8,9-HxCDD	0,1
1,2,3,4,6,7,8-HpCDD	0,01
OCDD	0,0003
PCDF	Eiturjafngildisstuðlar (TEF)
2,3,7,8-TeCDF	0,1
1,2,3,7,8-PeCDF	0,03
2,3,4,7,8-PeCDF	0,3
1,2,3,4,7,8-HxCDF	0,1
1,2,3,6,7,8-HxCDF	0,1
1,2,3,7,8,9-HxCDF	0,1
2,3,4,6,7,8-HxCDF	0,1
1,2,3,4,6,7,8-HpCDF	0,01
1,2,3,4,7,8,9-HpCDF	0,01
OCDF	0,0003“

2. Ákvæðum V. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 1. hluta er breytt sem hér segir:

i. Eftirfarandi bætist við á eftir „R1 notkun aðallega sem eldsneyti eða á annan hátt til orkuframleiðslu nema úrgangur sem inniheldur PCB-efni“:

„R4 Endurvinnsla eða endurheimt málma og málmsambanda, með eftirfarandi skilyrðum: Aðgerðirnar takmarkast við leifar frá járn- og stálvinnslu, t.d. ryk eða eðju frá hreinsun reyks, eldhúð eða síuryk, sem inniheldur sink, frá stálvinnslu, ryk frá reykahreinsikerfum í koparbræðslum og svipaður úrgangur og leifar sem innihalda blý og falla til við útskolun í framleiðslu járnláusra málma. Úrgangur sem inniheldur PCB-efni er undanskilinn. Aðgerðirnar takmarkast við ferli til endurnýtingar á járn og járnblendi (háofn, stokkaofn og Siemens-Martin-ofn) og járnláusum málmum (vinnsla í Waelz-hverfiofni, baðbræðsluferli með lóð- og láréttum ofnum) að því tilskildu að starfsstöðvarnar uppfylli að lágmarki kröfur um viðmiðunarmörk fyrir losun á fjöklórúðum díbensódíoxínunum og fjöklórúðum díbensófúrönunum sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/76/EB frá 4. desember 2000 um brennslu úrgangs (*), hvort sem ferlin falla undir þá tilskipun eða ekki, og með fyrirvara um önnur ákvæði tilskipunar 2000/76/EB þar sem þau eiga við og ákvæði tilskipunar 96/61/EB.

(*) Stjtið. EB L 332, 28.12.2000, bls. 91“

ii. Eftirfarandi setning bætist við á undan síðustu setningunni:

„Ef einungis hluti af afurð eða úrgangi, s.s. úrgangsbúnaður, inniheldur þrávirk, lífræn mengunarefni eða er mengaður af þeim, skal skilja hann frá og farga honum síðan í samræmi við kröfur þessarar reglugerðar.“

b) Eftirfarandi komi í stað 6. neðanmálsgreinar í 2. hluta:

„⁽⁶⁾ Mörkin eru reiknuð sem PCDD- og PCDF-efni samkvæmt eftirfarandi eiturjafngildisstuðlum (TEF):

PCDD	Eiturjafngildisstuðlar (TEF)
2,3,7,8-TeCDD	1
1,2,3,7,8-PeCDD	1
1,2,3,4,7,8-HxCDD	0,1
1,2,3,6,7,8-HxCDD	0,1
1,2,3,7,8,9-HxCDD	0,1
1,2,3,4,6,7,8-HpCDD	0,01
OCDD	0,0003
PCDF	Eiturjafngildisstuðlar (TEF)
2,3,7,8-TeCDF	0,1
1,2,3,7,8-PeCDF	0,03
2,3,4,7,8-PeCDF	0,3
1,2,3,4,7,8-HxCDF	0,1
1,2,3,6,7,8-HxCDF	0,1
1,2,3,7,8,9-HxCDF	0,1
2,3,4,6,7,8-HxCDF	0,1
1,2,3,4,6,7,8-HpCDF	0,01
1,2,3,4,7,8,9-HpCDF	0,01
OCDF	0,0003“